

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 5. desember 1983.

Nr. 214/1983. Þórður Þórðarson

gegn

Hafðísi Magnúsdóttur.

Kærumál. Krafa um ógildingu hjúskapar. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Málsaðiljar hafa báðir skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sóknaraðili hinn 14. nóvember sl., en varnaraðili hinn 16. nóvember sl. Bárust kærurnar ásamt málsgögnum til Hæstaréttar hinn 25. s. m.

Varnaraðili svo og héraðsdómari hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og, að sér „verði tildæmdur málskostnaður úr ríkissjóði fyrir þennan þátt málsins, en mál þetta er gjafvarnarmál. Þá er og gerð krafa um, að varnaraðili verði dæmdur til þess að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.“

Varnaraðili krefst þess einnig, að frávísunardómur bæjarþingsins verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um stefnukröfurnar. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Eftir uppsögu hins kærða frávísunardóms hefur varnaraðili hinn 18. nóvember sl. gefið skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur. Í sama þinghaldi kom og fyrir dóm Ólöf Pétursdóttir, deildarsstjóri í dóms-

og kirkjumálaráðuneytinu, til vitnisburðar um erindi varnaraðilja í ráðuneytið 24. nóvember 1982 og um orðaskipti hans við vitnið.

Í aðiljaskýrslu varnaraðilja kom fram, að hann hefði ekki getað trúað, að rétt væri frá hermt, er starfsmaður Hagstofu Íslands tjáði honum, að hjónavígsla aðilja teldist lögleg hjónavígsla.

Samkvæmt vætti deildarstjórans var erindi varnaraðilja í ráðuneytið að leita eftir því, að af ráðuneytisins hálfu yrði hlutast til um, að leiðrétt yrði skráning í þjóðskrá um, að málsaðiljar hefðu gengið í hjúskap. Hafi varnaraðili ekki virst trúa því, að um gilda hjúskaparstofnun gæti verið að ræða.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að rekja umræddar skýrslur í einstökum atriðum.

Framangreindar skýrslur fá ekki haggð því, að 6 mánaða frestur sá, er varnaraðili hafði samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1972 til að höfða mál til ógildingar á hjúskap aðilja á grundvelli 2. tl. 1. mgr. sömu greinar verður, hvað sem öðru líður, ekki talinn frá síðari tíma en 16. nóvember 1982, er varnaraðilja var gerð grein fyrir því, að hjúskaparstofnunin hefði verið skráð í þjóðskrá. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. maí 1983, af Hafðísi Magnúsdóttur, nnr. 3492 - 8444, Efstalandi 6, Reykjavík, gegn Þórði Þórðarsyni, nnr. 9532 - 1429, Frakkastíg 12, Reykjavík, til ógildingar á hjúskap þeirra, sem stofnað var til þann 7. nóvember 1982. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati réttarins, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk leyfi til gjafsóknar með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 7. júní 1983.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hjónaband stefnanda og stefnda, sem stofnað var til þann 7. nóvember 1982, verði ógilt, til vara,

að stefndi fái lögskilnað frá stefnanda, en til þrautavara, að stefndi fái leyfi til skilnaðar að borði og sæng frá stefnanda. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar að mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi fékk leyfi til gjafvarnar með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 1983.

Stefnandi hefur við munnlegan málflutning mótmælt því, að varakrafa og þrautavarakrafa stefnda verði teknar til greina.

Sættir voru reyndar án árangurs.

Stefnandi kveður málsatvik hafa verið með þeim hætti, að stefnandi hafi farið ásamt vinkonu sinni og stefnda Þórði á veitingahúsið Óðal við Austurvöll í Reykjavík skömmu eftir hádegi sunnudaginn 7. nóvember 1982. Er þau hafi verið þar skamma stund, hafi Þórður bent henni þar á mann, Sveinbjörn Beinteinsson allsherjargoða, og spurt hana, hvort þau ættu ekki að láta hann gifta þau. Hafi Þórður farið þessa á leit við Sveinbjörn, er hafi tekið því vel og beðið þau að koma út fyrir. Hafi þau síðan gengið út á Austurvöll ásamt Hönnu Eyvindsdóttur og Oddi Pétri Haukssyni. Hafi þau staðið við stytta Jóns Sigurðssonar, er „athöfnin“ fór fram, og hafi stefnandi verið flissandi allan tímann og ekki tekið vel eftir því, er fram fór. Hafi Sveinbjörn innt þau eftir því, hvort þau hafi áður verið í hjónabandi, en það hafi hvorugt þeirra verið. Sveinbjörn hafi síðan spurt stefnanda, hvort hún vildi eiga þann mann, er stæði við hlið hennar, og hafi hún játað því. Hafi Sveinbjörn síðan spurt Þórð að hinu sama, en stefnandi minnist þess ekki, að þau hafi verið lýst hjón.

Að þessu loknu hafi Sveinbjörn tekið niður nöfn þeirra og svaramanna og sagst mundu hafa samband við þau síðar.

Sveinbjörn hafi komið viku síðar á heimili Þórðar með könnunarvottorð og umsóknareyðublað um inngöngu í Ásatrúarsöfnuðinn. Hafi hann skilið gögn þessi eftir hjá Þórði og ætlað að ná í þau síðar. Hafi stefnandi síðar þetta kvöld komið á heimili Þórðar og hafi hann þá verið undir áhrifum áfengið. Hafi Þórður beðið hana um að undirrita könnunarvottorðið, sem hún hafi neitað að gera. Þórður hafi þá beðið hana að undirrita, til þess að hann gæti átt það til minningar um athöfnina á Austurvelli, en hann hafi tekið fram, að hann mundi ekki afhenda Sveinbirni plaggið. Hafi hún síðan undirritað könnunarvottorðið með því skilyrði, að það yrði ekki afhent Sveinbirni.

Stefndi Þórður hafi síðan sagt stefnanda, að Sveinbjörn hefði komið daginn eftir og viljað fá plöggin afhent, en Þórður hafi neitað. Hafi Sveinbjörn ekki sætt sig við það og Þórður afhent honum könnunarvottorðið og gengið í söfnuðinn með undirritun yfirlýsingar þar að lútandi. Hafi Sveinbjörn síðan farið á Hagstofu Íslands og tilkynnt vígluna.

Kröfu sína um ógildingu á hjúskap stefnanda og stefnda byggir stefnandi

á því, að það hafi ekki verið ætlun hennar að ganga í hjónaband með Þórði Þórðarsyni. Stefnandi hafi talið, að Sveinbjörn Beinteinsson hefði enga heimild til þess að gefa saman hjón, og talið, að einungis væri um fíflalæti að ræða, enda hafi bæði stefnandi og stefndi verið undir áhrifum áfengis og svo hafi hún einnig talið vera með Sveinbjörn.

Telji stefnandi því hjúskapinn ógildanlegan, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1972. Þá telji stefnandi einnig, að til þess að hjónavígsla geti farið fram, þurfi ákveðnum formskilyrðum að vera fullnægt, svo sem að könnun á hjónavígsluskilyrðum hafi farið fram, sbr. II. kafla laga nr. 60/1972.

Þá hafi hvorugt þeirra verið í trúfélagi Ásatrúarmanna, þegar vígslan fór fram, en dagsetningar undir öll vottorð hafi verið falsaðar.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar stefndi til rökstuðnings stefnanda um, að athöfn sú, er Sveinbjörn Beinteinsson allsherjargoði framkvæmdi, hafi í augum viðstaddra, þ. á m. stefnanda og stefnda, verið markleysa, enda enginn löglegur undirbúningur hjónabands farið fram og sé ógildingarkrafan reist á 25. gr. laga nr. 60/1972, einkum 2. tl.

Varakröfu sína byggir stefndi á 39. gr. laga nr. 60/1972 og tekur sérstaklega fram í því sambandi, að stefnandi og stefndi hafi aldrei tekið upp hjúskaparsambúð, aldrei átt sameiginlegt lögheimili eða á nokkurn hátt lifað í samræmi við lög nr. 20/1923.

Þrautavarakrafa sé reist á 31. og 32. gr. laga nr. 60/1972.

Vara- og þrautavarakrafa séu settar fram með heimild í 73. gr. laga nr. 60/1972.

Aðiljar málsins hafa lýst því yfir, að um enga sameiginlega eignamyndun sé að ræða milli þeirra og að þau geri hvorugt fjárkröfur á hendur hinu.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1972 verður mál til ógildingar á hjúskap eigi höfðað, eftir að sex mánuðir eru liðnir, frá því að ástandi lauk, sem lýst er í 1. tl. greinarinnar, eða frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástræðu skv. 2. eða 3. lið greinarinnar.

Hjónavígsla sú, sem ógildingar er krafist á, var framkvæmd þann 7. nóvember 1982. Í skýrslu, er tekin var af stefnanda í dómsmálaráðuneytinu þann 24. nóvember 1982 og stefnandi hefur lagt fram í máli þessu, skýrir stefnandi frá því, að hinn 16. nóvember 1982 hafi hún hringt á Hagstofu Íslands og þar hafi henni verið tjáð, að hún væri löglega gift.

Verður því að líta svo á, að stefnanda hafi í síðasta lagi þann 16. nóvember 1982 verið kunn sú ógildingarástæða, er hún byggir dómkröfu sína á, enda hefur öðru eigi verið haldið fram af hálfu stefnanda.

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu þann 20. maí 1983. Samkvæmt framansögðu var þá sá frestur til málshöfðunar liðinn, sem ákveðinn er með 2. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1972.

Ber því þegar af þeim sökum að vísa kröfu aðilja um ógildingu á hjúskap þeirra frá dómi ex officio.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Kröfu aðilja um ógildingu á hjúskap þeirra, er til var stofnað þann 7. nóvember 1982, er vísað frá dómi ex officio.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í máli þessu.

Mánudaginn 5. desember 1983.

Nr. 225/1981. **K**

(Svala Thorlacius hdl.)

gegn

M

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.).

Hjón. Búskipti. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Hún gerir þær kröfur, „að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og við skipti á búi málsaðila verði lagður til grundvallar kaupmáli þeirra, dags. 2. apríl 1979, þannig að kjallaraíbúð að ..., Reykjavík, ásamt því, sem henni fylgir og fylgja ber, verði talin séreign áfrýjanda og haldið utan við skiptin.“ Hún krefst einnig málskostnaðar í skiptarétti og fyrir Hæstarétti,